



# Viðbragðsáætlun Breiðabliks

## Fyrstu skrefin

### **Ef alvarlegt slys eða dauðsfall verður innan raða Breiðabliks eru fyrstu skrefin eftirfarandi:**

Sá sem verður vitni af atburði er yfirmaður á svæðinu og stýrir aðgerðum til að byrja með.

- Hringja í 112. Gefa upp staðsetningu og eðli vanda.
- Kanna áverka og veita fyrstu skyndihjálp með leiðbeiningum frá Neyðarlínunni, 112.
- Fjarlægja alla utanaðkomandi af slystaðnum.
- Hafa samband við foreldra/aðstandanda eftir því sem við á og greina þeim frá atburðinum á hlutlausan og nærgætinn hátt. Leitast skal við að svara spurningum á eins nákvæman hátt og kostur er.
- Ef um lífshættulega áverka eða meðvitundarleysi er að ræða skal óska eftir aðstoð starfsmanna á slysideild um að láta foreldra/aðstandanda viðkomandi vita af slysinu.
- Starfsmaður fylgir barni eða öðrum með sjúkrabíl og er hjá viðkomandi þangað til aðstandandi er komin á staðinn.
- Reynt starfsfólk verður eftir á starfsstað til að sinna öðrum iðkendum í starfinu.

Kalla til viðbragðsteymi félagsins: Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdarstjóri 6900642.  
Halldór Halldórsson, íþróttafulltrúi 8467170. Sölvi Guðmundsson, rekstrarstjóri 8460780.

- Viðbragðsteymi/yfirmaður hefur samband við foreldra þeirra sem voru á staðnum ef með þarf.
- Ekkert barn fari af starfsstaðnum nema búið sé að hafa samband við foreldra. Æskilegt að fá ráðleggingar eða aðstoð prests, sálfræðings og/eða hjúkrunarfræðings við áfallahjálp eða sálgæslu.
- Starfsfólk sem var á staðnum veitt áfallahjálp ef með þarf.
- Koma upplýsingum til þeirra sem ekki voru á staðnum en tilheyra starfinu (starfsfólk / börn / foreldrar).

Haft samband við samstarfsaðila í hverfinu eftir því sem við á, fer eftir því hvað gerðist.

- Skólar
- Kirkja
- Heilsugæsla
- Félagasamtök sem hlut eiga að máli
- Rauði krossinn
- Áfallateymi LSH
- Skrifa slyskýrslu skv. öryggisverkferlum.
- Skrá niður allt um atburðinn og viðbrögðin til að meta það sem gert var og læra af því.